

## Niðurstaða vegna ráðningar Markaðs- og kynningarfulltrúa í Rangárþingi ytra

Starfið var auglýst í Morgunblaðinu og í héraðsblaðinu Búkollu í júlí með umsóknarfrest til og með 5 ágúst. Umsækjendur voru 23. Umsóknir voru flokkaðar með tilliti til þess hversu vel umsækjendur uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og ljóst að margar góðar umsóknir lágu fyrir. Í auglýsingu um starfið var háskólamenntun sem nýtist í starfi sett sem skilyrði en jafnframt talin upp atriði sem teldust til kosta til að gegna starfinu. Þessi atriði voru m.a. góð þekking á svæðinu, reynsla af umsjón og uppbyggingu vefsvæða og annars kynningarefnis auk þess sem góð tungumálakunnátta var áskilin. Þá var einnig lögð áhersla á góða skipulagshæfileika, sjálfstæði í vinnubrögðum og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.

Að þessari flokkun lokinni var ákveðið að bjóða 9 umsækjendum til viðtals. Viðtölin tóku Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sveitarstjórnarmaður og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og fóru þau fram dagana 26-31 ágúst. Sjö umsækjendur mættu til viðtals á Hellu en tveir voru í síma erlendis frá. Hvert viðtal tók allt að 1 klst.

Það var samdóma álit þeirra sem viðtölin tóku að hæfastur til að gegna starfinu væri Eiríkur Vilhelm Sigurðsson. Einnig var haft samband við meðmælendur sem hann hafði gefið upp og fékk hann afar góða umsögn frá þeim öllum.

Eiríkur er 25 ára gamall uppallinn í Vík í Mýrdal en búsettur á Hellu. Hann er með BA gráðu í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum. Hann hefur starfað frá árinu 2012 sem forstöðumaður Kötluseturs í Vík sem stofnað var árið 2011. Hann hefur því leitt uppbyggingu setursins og séð um upplýsingamiðstöðina, markaðsmál Mýrdalshrepps, ferðaþjónustuklasann VisitVík, styrkjaumsóknir, menningarhátíðina Regnbogann-list í fögru umhverfi, skiltagerð, umsjón með kynningarbæklingum og vefsvæðum auk þess að hafa umsjón með fasteignum Kötluseturs.